



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

# SNEFILEFNI OG NÝJUNGAR Í EFNAGREININGUM

Frásögn af ferð á tvær ráðstefnur

Halldór Ármannsson

OS79047/JHD23

Reykjavík, desember 1979

# **SNEFILEFNI OG NÝJUNGAR Í EFNAGREININGUM**

**Frásögn af ferð á tvær ráðstefnur**

**Halldór Ármannsson**

**OS79047/JHD23**

**Reykjavík, desember 1979**

## ÁGRIP

Skýrsla þessi er frásögn af ferð höfundar á sjöundu norrænu snefilefnaráðstefnuna, Vejle, Danmörku, og afmælisráðstefnu Kemisk Forening, Kaupmannahöfn í júní 1979. Er aðallega fjallað um þá fyrirtöldu. Aðaláherzla var þar lögð á efnagreiningatækni, en einnig var fjallað um túlkunaraðferðir og hagnýtt gildi.

Sú skoðun var almenn, að efnagreinar ættu að hafa hönd í bagga með sýnatöku og túlkun.

Erindi, sem höfundur flutti á ráðstefnunni í Vejle, fylgir sem viðauki. Þar er fjallað um truflanir af völdum burðarefna (matrix) og mengun hvarfefna í snefilefnagreiningum umhverfissýna.

Greining kadmíums er notuð sem viðmiðun og eru þær niðurstöður helztar, að það þarf að skilja frá burðarefnum, áður en greining fer fram, og flest hvarfefni, sem notuð eru til leysingar og aðskilnaðar, þarf að hreinsa rækilega.

<u>EFNISYFIRLIT</u>	Bls.
ÁGRIP.....	3
EFNISYFIRLIT.....	5
1 INNGANGUR.....	7
2 SJÖUNDA NORRÆNA SNEFILEFNARÁÐSTEFNAN, Vejle 1979-06-24-26.....	7
2.1 Dagskrá.....	7
2.2 Dagbók frá fundum ráðstefnunnar.....	13
2.3 Tækjasýning.....	27
3 AFMÆLISFUNDUR KEMISK FORENING (KF-100).....	29
3.1 Dagskrá.....	29
3.2 Dagbók frá fundum afmælisráðstefnunnar.....	31
HEIMILDIR.....	34
<u>VIÐAUKI</u>	
Matrix Interference and Reagent Contamination in the Atomic Absorption Spectrometry Determination of Trace Metals in Environmental Matrices. (Erindi höfundar á snefilefnaráðstefnunni).....	35

## 1 INNGANGUR

Dagana 24.-29. júní 1979 sat höfundur þessarar skýrslu tvær ráðstefnur í Danmörku, sjöundu norrænu snefilefnaráðstefnuna í Vejle og afmælisráðstefnu Kemisk Forening í Kaupmannahöfn. Var sú fyrrnefnda, ásamt nokkrum öðrum sérgreinaráðstefnum, þannig tímasett, að afmælisráðstefnan væri í beinu framhaldi af henni. Í þessari skýrslu er skýrt frá því helzta, er fram kom á snefilefnaráðstefnunni í Vejle, og einnig fylgir stutt frásögn af ráðstefnunni í Kaupmannahöfn.

Norrænar snefilefnaráðstefnur hafa verið haldnar annað hvert ár, síðan árið 1967, og er markmiðið skoðanaskipti um snefilefni með höfuðáherslu á efnagreiningu þeirra.

Fjallað var um ýmsar nýjungar í sambandi við efnagreiningaraðferðir, m.a. rafefnafræðilegar aðferðir, aðskilnaðarferli og ICP (inductively coupled plasma) spektrómetríu.

Töluverður hluti ráðstefnunnar var helgaður túlkun og m.a. rætt um tölfræðilegar aðferðir, gæðaeftirlit með efnagreiningum, og þarfir neytenda í sambandi við nákvæmni niðurstaðna.

## 2 Sjöunda norræna snefilefnaráðstefnan

Vejle 1979:06. 24-26.

### 2. 1 Dagskrá

#### Söndag den 24. júní

16.00-19.00 Ankomst, registrering og middag  
20.00-20.10 Velkomst og introduktion: Arne Jensen

#### Sektion 1: Ordstyrer Arne Jensen

20.10-20.55 Grundbegrepp inom statistisk hypotesprövning vid karakterisering av kemiska analysmetoder:  
Ola Hertzberg

20.55-21.15 Den Instrumentelle Upplösningförmågan vid Spektrometriska Spårelementanalyser:  
Lars-Henrik Andersson

Mandag den 25. juni

Sektion 2: Ordstyrer Hans Mosbæk

- 09.00-09.45 Spårelementanalys med Induktivt Kopplad Plasma:  
Jan-Ola Burman
- 09.45-09.50 Pause
- 09.50-10.10 On Line Analysis of Trace Elements in Effluent  
Waters Using the ARL ICP Simultaneous Optical  
Emission Quantometer:  
Jaques Soudière
- 10.10-10.40 Kaffepause
- 10.40-11.00 Matrisens påverkan av olika förhållanden i  
grafitkyvetten:  
Hans Östling
- 11.00-11.20 Kort foredrag fra Varian AB
- 11.20-11.25 Pause
- 11.25-11.45 Short Introduction to Polarographic and  
Electrochemical Instrumentation:  
Schmidtpott
- 11.45-12.15 Potentiometric Stripping Analysis.  
A Simple Instrumental Approach to the  
Determination of Trace Elements:  
Lars Kryger
- 12.30-13.45 Frokost

Sektion 3: Ordstyrer Gustav Schroll

- 13.45-14.30 Hygiejniske grænseværdier set i relation til  
analytiske detektionsgrænser:  
Børge Fallentin
- 14.30-14.40 Pause

Sektion 3A: Ordstyrer Gustav Schroll

(Lokale 2-4-6 i underetagen)

- 14.40-15.00 Bly- och kadmiumhalter i Svenska vattenfåglar:  
Adrian Frank

- 15.00-15.20 Lead and Cadmium Contents in Mixed Mineral Feeds Manufactured in Finland During 1978:  
Hilkka Kinnunen
- 15.20-15.40 Kontaminering fra laboratoriemedier m.v.  
ved undersøgelse af metalafgivelse fra hus-  
holdningsgenstande:  
Gitte Rasmussen
- 15.40-16.10 Kaffepause
- Sektion 3B: Ordstyrer Lars Kryger  
(Munkebjergsalen)
- 14.40-15.00 Bestemmelse af luftforureningskilder med  
multielement analyser:  
Kåre Kemp
- 15.00-15.20 Analyser av aerosoler i yttre miljø med  
PIXE och PESA:  
Hans-Christen Hansson
- 15.20-15.40 Anvendelse af energidispersiv røntgenfluore-  
scens til analyse af sporelementer i væsker  
i koncentrationsområdet 10 ppb til 10 ppm:  
Leif Højslet Christensen
- 15.40-16.10 Kaffepause
- 16.10-16.30 Analys med protonmikrostråle:  
Lars-Eric Carlsson
- 16.30-16.50 Analys av svetsrök med avseende på fluor och krom:  
Klas Malmqvist
- 16.50-17.10 En enkel analysemetode til bestemmelse af total  
hexavalent chrom i svejserøg og anden kompleks  
matrix:  
Ebbe Thomsen
- 17.30-18.30 Middag
- 18.45-22.30 Udflugt

Tirsdag den 26. juni

Sektion 4: Ordstyrer Lars-Henrik Andersson

- 09.00 -09.45 Analytiske behov ved undersøgelser i det ydre miljø.  
Jens Christian Tjell
- 09.45-09.50 Pause
- 09.50-10.10 Matrix Interference and Reagent Contamination Problems in the Atomic Absorption Spectrometry Determination of Trace Metals in Environmental Matrices:  
Halldór Ármannsson
- 10.10-10.40 Kaffepause
- 10.40-11.00 Quality Control of Chemical Analysis at the Reactor Laboratory:  
Riitta Zilliacus
- 11.00-11.20 Systematiske forskelle ved bestemmelse af V i Standard Reference Material 1571 Orchard Leaves:  
Kaj Heydorn
- 11.20-11.25 Pause
- 11.25-11.45 Ekstrahering av informasjon fra sporelementdata:  
Olav H. J. Christie
- 11.45-12.05 Anodic Stripping Voltammetry at the Dropping Mercury Electrode:  
Dieter Britz
- 12.05-12.25 Anvendelse af anodisk stripping Voltammetri i flow systemer:  
Hans Mosbæk
- 12.30-13.45 Frokost
- Sektion 5: Ordstyrer Olav Christie
- 13.45-14.30 Ionchromatografi:  
Birgit Zachau-Christiansen
- 14.30-14.40 Pause
- 14.40-15.00 Effektivitetskalibrering af Ge(Li)-gamma-spektrometre til neutronaktiveringsanalyse:  
Johnny Olesen Schmidt



- 15.00-15.20 Bestemmelse af detektionsgrænser ved INAA  
(Instrumentel Neutronaktiveringsanalyse):  
Raymund Gwozdz
- 15.20-15.40 Kobberfordeling i børn med Menkes sygdom  
bestemt ved neutronaktiveringsanalyse:  
Else Damsgaard
- 15.40-16.10 Kaffepause
- 16.10-16.30 Anvendelse af instrumentel neutronaktiverings-  
analyse til bestemmelse af sporelementer i  
suspenderet materiale:  
Carsten Langtofte Larsen
- 16.30-16.50 Anvendelse af instrumentel neutronaktiverings-  
analyse til bestemmelse af sporelementer i  
marint biologisk materiale:  
Martin Munk Hansen

Onsdag den 27. juni

Sektion 6: Ordstyrer Esko Saari

- 0.9.00-09.45 Sporelement speciering  
i havvand:  
Daniel Jagner
- 09.45-09.50 Pause
- 09.50-10.10 Direct Extraction as a Preparative Method  
in Trace Element Analysis of Foods with AAS:  
Sulo Piepponen
- 10.10-10.40 Kaffepause
- 10.40-11.00 Effect of Hydrogen Ion Concentration on the  
Extraction of Cobalt, Nickel, Cadmium and  
Lead with APDC/MIBK. Time Stability of the  
Extracts:  
Ingemar Dellien
- 11.00-11.20 Bestemmelse af bly i havvand og biologisk  
materiale:  
Merete Reuss
- 11.20-11.25 Pause

- 11.25-11.45 Bestemmelse af arsen og selen i levnedsmidler ved flammeløs atomabsorptionsspektrometri (grafitovensteknik):  
Allan Anderson
- 11.45-12.05 Fluorometrisk bestemmelse af selen:  
Gunnar Gissel-Nielsen
- 12.05-13.00 Afsluttende diskussion: Ordstyrer Jens Christian Tjell
- 13.00-14.00 Frokost og afrejse

2.2 Dagbók frá fundum ráðstefnunnar


1979-06-24

Arne Jensen setti ráðstefnuna og bauð m.a. íslenska fulltrúann velkominn. Íslendingar hafa hingað til ekki átt fulltrúa á þessum ráðstefnum, og þótti tími til kominn, að úr yrði bätt.

Síðan fluttu Ola Hertzberg og Lars-Henrik Anderson erindi um notkun tölfræði við túlkun niðurstaðna efnagreininga. Var fólk m.a. vakið til umhugsunar um þá almennt viðteknu forsendu, að dreifing slíkra niðurstaðna sé "Gaussísk". Niðurstaðan var þó sú, að oftast væri "Gaussísk dreifing" góð nálgun, en alls ekki mætti gera blindandi ráð fyrir henni. Einnig voru teknar til umræðu leiðir til að bæta næmi efnagreiningaraðferða, og bent á að í mörgum tilvikum er slíkt unnið fyrir gýg, þar sem því fylgir jafnframt aukin dreifing gilda. Lýst var tilraun um litmælingu nitrats, þar sem staðalfrávikidið 0,30 mg/l fékkst fyrir ákveðinn styrk, ef 1 sm sella var notuð, en reyndist 0,27 mg/l, ef 5 sm sella var notuð. Svipuð niðurstaða fékkst fyrir litmælingu króms. Þá var lögð rík áhersla á þátt sýnatöku, og var það reynsla þessara manna, að yfirleitt væri hún stærstur skekkjuvaldur. Kom í ljós, er á leið ráðstefnuna, að sú var reynsla margra annarra.

1979-06-25

Störf dagsins hófust á stórfróðlegu erindi Jan-Ola Burmans um "Inductively Coupled Plasma" (ICP) efnagreiningartækni. Hér er um að ræða nýtingu útgeislunar (emission) við mjög háan hita (5-6000°K). Helstu kostir aðferðarinnar eru mikið næmi og stórt mælisvið. Á mynd 1 er sýndur samanburður á ICP og AAS (Atomic Absorption Spectrometry) (1).



Mynd 1 Samanburður á styrkbilum, er gefa línulega svörun í AAS og ICP.

Annar kostur ICP er sá, að auðvelt er að mæla ýmis þau frumefni, sem erfitt hefur reynst að mæla með AAS, t.d. fosfór, bór og brennisteinn. Hinn háí hiti gerir að verkum, að efnatruflanir eru tiltölulega lítilvægar og áhrif burðarefna (matrix) í lágmarki. Tæknin er mjög heppileg til fjölefnagreininga, m.a. vegna hins stóra mælisviðs, sem hefur í för með sér möguleika á samgreiningu aðalefna og snefilefna. Burman lýsti endurbótum á fyrri greiningakerfum, t.d. notkun vætts argons, sem eykur mjög endingu sundrara ("nebulizer"), og sagði frá notkun þessarar tækni við efnagreiningar staðalbergs, sets, plöntu-svifs, fiskimjöls, sjávar og rykagna. Niðurstöðum greininga staðlaðra viðmiðunarsýna bar vel saman við skráð gildi, og samanburður við aðrar aðferðir gafst vel.

J. Soudiere frá ARL (Associated Research Laboratories) sagði frá dæmi um hagnýtingu ICP. Lýsti hann "ARL ICP Simultaneous Quantometer" og notkun hans við gæðaeftirlit á frárennslisvatni. Kostir aðferðarinnar; fjölefnagreining, stórt mælisvið og lítil áhrif burðarefna, njóta sín vel við slík not. Kerfið, sem lýst var, er allt mjög sjálfvirkt, fylgst er með fjölda efna, og hringir bjalla, fari styrkur einhvers þeirra fram úr leyfðu hámarki.

Hans Östling ræddi um burðarefnistruflanir við notkun grafítöfna í AAS. Við tilraunir sínar notaði hann mjög fullkominn búnað, þ.e. Perkin Elmer HGA 500 ofn, tengdan Perkin Elmer 5000 AAS tæki. Prófaði hann notkun mismunandi fargasa (carrier gases) og ýmsar breytingar ytri aðstæðna. Grunntruflanir frá natríumklóríði sem burðarefni var unnt að minnka mjög mikið með notkun vatnsefnis sem fargass við ákvörðun nikkels og fleiri málma. Svipað gildir um grunntruflanir frá kalsíum oxíði. Annað, sem gafst vel við ákvörðun órokgjarnra málma, var að hleypa andrúmslofti inn á kerfið um stundarsakir við um 800° C hita, og losna þannig við skæð truflunarefni með brennslu. Árangur tilrauna sinna hafði hann nýtt til að endurbæta aðferðir til greininga nikkels í blóðvatni og baríums í sjó, og lýsti hann þeim.

Fulltrúi frá Varian-Techtron sagði frá möguleikum og ágæti tækja frá því fyrirtæki og lýsti aðferð til greiningar króms í þvagi, þar sem 1-2 ng/ml eru greinanleg með Variangrafítöfni og Varian AAS tæki.

Hr. Schmidtpott frá Princeton Applied Research flutti erindi um undirstöðuatriði pólarógraffu og rafefnafræði, sagði frá nýtingu þeirra til efnagreininga, lýsti helstu tækjum til slíkra nota og hvaða árangri mætti ná með hverju þeirra. Slíkum mælingum er skipt í fjóra aðal-  
hópa, eftir því hvaða þættir eru mældir, en tveimur þeirra í undirhópa eftir mæliaðstæðum. Fer skipting þessi hér á eftir:

Aðalhöpur	Mæliþættir	Helstu undirhópar
Voltammetry	Spenna, straumur	Polarography Stripping analysis Cyclic voltammetry Linear sweep voltammetry
Coulometry	Straumur, massi	Föst spenna
	Spenna, massi	Fastur straumur
Chronopotentiometry	Tími, spenna	
Chronoamperometry	Tími, straumur	

Lögð var mest áhersla á "voltammetry", og raktar þær framfarir, sem orðið hafa á undanförunum árum. Fyrir marga málma eru mælímörk jafn-  
straumspólarógraffu u.þ.b. 1 mg/l í vatnslausn, við komu "differential  
pulse polarography" urðu þau 0.1 mg/l, en með tilkomu flettigreiningar  
(stripping analysis), urðu þau í mörgum tilvikum sambærileg við AAS,  
eða <0,01 mg/l.

Lars Kryger skýrði frá endurbót á flettigreiningu. Undanfarin ár  
hefur "anodic stripping voltammetry" (ASV) verið notuð með góðum  
árangri við greiningu nokkurra snefilmálma. Aðferðin er talin einföld  
og ódýr og næmi sambærilegt við AAS, og hafa möguleikar á upplýsingum  
um spesíum (speciation) drýgt notagildi hennar. Þó hafa illskýranlegar  
grunntruflanir gert vart við sig og orðið til þess í sumum tilvikum,  
að hærri gildi hafa fengist með þessari aðferð en öðrum.

Flettigreining byggist á forstyrkingu (pre-concentration) málmanna á vinnsluskauti (working electrode) og endurlausn þeirra. Í ASV fer endurlausn fram með snöggri spennuhækkun við vinnsluskaut og magnbundin greining fæst með mælingu straums og spennu. Jagner o.fl. (2-4) hafa sýnt fram á, að nota má kemíska endurlausn í stað spennu-beitingar. Oxunarmiðli er dreypt í átt að vinnsluskauti á þann veg, að fram fer títrun með jafnri viðbót títurvökva. Skráð er spenna á móti tíma og kemur fram fall líkt og við potentiómetríska títrun. Helztu kostir fram yfir ASV eru:

- 1) Grunntruflanir vegna tvöfalds lags (double layer) eru að mestu úr sögunni.
- 2) Skörun flettisvarana er minni.
- 3) Súrefni í lausninni má nota til oxunar, og því er tímaflek afl-  
loftun, sem er mikilvægt þrep í ASV, ónauðsynleg.

Síðan lýsti hann mælingu nokkurra málma við mismunandi skaut, þ.e.

- a) Hg-skaut. Zn, Cd, Pb, Cu, Bi, Ag
- b) Au-skaut, As, Hg, Ag.
- c) Gler-kolefnis-(GC)-skaut. Hg, Mn.

Því hraðar sem unnt er að framkvæma slíka greiningu, því betra hlutfall fæst milli svörunar og hávaða (noise). Hefur því reynt betur að nota tölvuklukku en venjulegan skrifara sem nema. Tækni þessi hefur hlotið nafnið "potentiometric stripping analysis".

Börge Fallentin fjallaði um samanburð heilbrigðismarkna (hygiejniske grænseværdier) og næmimarkna efnagreininga. Við setningu heilbrigðismarkna er reynt að finna styrk, sem ekki veldur sannanlegum skaða.

Í reynd er mjög erfitt að ákveða slík mörk, en helztu aðferðir til mats á skaðsemi eru:

- 1) Tilraunir á dýrum.
- 2) Tilraunir á sjálfboðaliðum.
- 3) Athuganir á fólki, sem hefur orðið fyrir skaða.

Virgni efna er mismunandi. Því eru mörk í sumum tilvikum meðalgildi yfir ákveðið tímabil en í öðrum þakgildi, sem aldrei má fara yfir. Við setningu markna er einnig tekið tillit til tæknilegra, efnahagslegra og félagslegra þátta.

Við könnun vinnustaða hefur sýnataka reynzt stærst vandamála. Stöðlun sýnatöku er því mjög brýnt verkefni og þarf að sjá til þess, að sömu aðilar sjái sem mest um hana.

Mælimörk flestra efna eru langt neðan heilbrigðismarka. Þó hefur á síðustu árum lengzt listi um þau efni, sem torvelt er að mæla niður að heilbrigðismörkum. Hér er einkum um krahbameinsvalda að ræða.

Næsti hluti ráðstefnunnar var tvískiptur, og viðleitni höfundar til að reyna að ná áhugaverðustu erindunum á báðum stöðum bar skarðan árangur vegna mikillar vegalengdar milli fyrirlestrarsala. Adrian Frank sagði frá blý- og kadmíummælingum á nokkrum sænskum sjó- og vatnafuglum, og gat tengt niðurstöður fæðutegundum. Blýstyrkur var yfirleitt svipaður í nýrum og lifur, en kadmíumstyrkur var mun meiri í nýrum en lifur. Verst var ástand varðandi kadmíum í æðarfugli og hávellu, en báðar þessar tegundir lifa á botnfæðu.

Í hinum salnum lýsti Leif Højslet Christensen notkun "energidispersiv" (orkudreifandi) Röntgenfluorescence (XRF) til greininga snefilefna í vökvum. Tíu millilítrar vatnssýnis eru þurreimaðir í lofttæmi (1 mm Hg) gegnum himnu, sem er samsett úr Millipore síu og tefloni. Notkun Millipore síu einnar sér olli ójafnri dreifingu, en við ofangreinda meðferð settust snefilmálmur vítt og breitt um himnuna og var unnt að greina þá með XRF. Styrkur þarf yfirleitt að vera >10 mg/l og er forstyrking nauðsynleg, ef hann er minni. Reyndist komplexmyndun ásamt ásogi á virk kol heppileg forstyrkingaraðferð. Innri staðlar eru notaðir. Aðferðin er hentug til fjölefnagreininga og lýsti Christensen hagnýtingu hennar til samgreiningar mangans, nikkels, sinks, blýs, rúbidíums, strontíums, áls, kísils, fosfórs, brennisteins, klórs, kalíums, sesíums, títans og kopars í leirolíuvatni (oil shale water).

Í erindi, sem höfundur missti af, lýsti Hans-Christen Hanson PIXE (Particle Induced X-ray Emission) og PESA (Particle Elastic Scattering Analysis). Lars-Eric Carlson sagði nú frá "protonmikrostrál" mælingum, sem munu ein útgáfa PIXE. Þetta er næm aðferð, en háð tíma. Sé notaður 5 mínútna greiningartími nást mörk frá  $10^{-10}$  -  $10^{-8}$  g fyrir mörg efni, en bæta má það í  $10^{-13}$  -  $10^{-15}$  g sé greint í 10 mínútur.

Klas Malmqvist lýsti hagnýtingu PIXE til greiningar flúors og króms í logsuðureyk. Er kjarnahvarfið  $^{19}\text{F}$  ( $p, \alpha, \gamma$ )  $^{16}\text{O}$  notað til flúor-mælinga og er reyndarnæmi 50 ng. Í krómmælingu eru gildi (valens) og leysni í reyknum ákvörðuð ásamt styrk, þar sem sexgilt króm er álitioð krabbameinsvaldur en þriggilt ekki.

Ebbe Thomsen lýsti karbónataðferð til ákvörðunar sexgilds króms í logsuðureyk.

1979-06-26

Jens Christian Tjell flutti erindi um kröfur til efnagreininga í sambandi við umhverfissrannsóknir. Gæði slíkra rannsókna geta verið mjög háð möguleikum efnagreina til framreiðslu nákvæmra gagna. Í slæmum mengunartilfellum eru efnagreiningavandamál yfirleitt lítil, en í tilvikum, þar sem litlar breytingar geta valdið skaða, verður þrautin oft þyngri, og sýna þarf gætni við meðferð niðurstaðna efnagreininga.

Kadmíum var tekið sem dæmi, sagt frá helstu notum og daglegri inntöku þess meðal fólks í ýmsum löndum. Er hún langmest í iðnaðarlöndum, t.d. um 60  $\mu\text{g}/\text{dag}$  í USA, en um 10  $\mu\text{g}/\text{dag}$  í Finnlandi. Mörk WHO um hámarksinntöku eru 50-70  $\mu\text{g}/\text{dag}$ .

Sett var fram líkan af hringrás kadmíums í Danmörku. Fer það mest út í loftið í sóti (fly ash) en berst að mestu leyti til jarðar aftur með regni. Úr reikningum fékkst, að um 0,55% aukning væri á heildarmagni kadmíums í Danmörku á ári, en það telst vart marktæk aukning miðað við forsendur.

Síðan var lýst uppbyggingu dæmigerðs umhverfissrannsóknarverkefnis þrep fyrir þrep, þ.e.

- 1) Val sýnatökustaðar
- 2) Sýnataka
- 3) Meðferð sýna
- 4) Mæling
- 5) Gagnaframreiðsla, sannprófun, könnun samkvæmni og nákvæmni, tölfræðileg meðferð.
- 6) Túlkun, aðgerðir.



Lýst var helztu vandamálum við efnagreiningu umhverfissýna, þ.e. spesíun, geymsluvanda o.fl. Helztu nákvæmnispróf eru samanburður mismunandi aðferða, efnagreining viðmiðunarsýna og þátttaka í "interkalibreringum". Slíkar samstillingar hafa oft leitt í ljós furðu mikinn mismun á niðurstöðum rannsóknastofnana, en endurteknar aðgerðir hafa oft stórbætt árangur. Galli er hve tímafrekar þær eru, en þátttaka í þeim er bezta gæðaeftirlit, sem unnt er að hafa með efnagreiningum.

Því næst sýndi hann með dæmum tvær ólíkar niðurstöður þess, er fylgzt er með efnun í ákveðnu umhverfi. Fyrra dæmið var brennisteinn í andrúmslofti Lundúnaborgar. Sambærilegar aðferðir gáfu til kynna greinilega minnkun á árum eftir að lög um reykleysi voru sett. Er ekki vafi, að minnkun þessi er raunveruleg. Seinna dæmið var nikkell í blóðvatni. Á árunum 1955-1970 voru gildi á bilinu 30-60 µg/l viðurkennd sem nærri lagi, en með tilkomu grafítofna mældust yfirleitt 2-8 µg/l, sem nú eru álitin eðlileg gildi. Ekki er ástæða til að ætla, að nikkell hafi minnkað í blóðvatni á þessum tíma, heldur leiðir bætt mælitækni ný gildi í ljós.

Tjell komst að þeirri niðurstöðu, að efnagreininir umhverfissýna mætti ekki eingöngu sinna efnagreiningum þeirra, heldur yrði hann að hafa hönd í bagga með bæði sýnatöku og svo túlkun niðurstaðna, þar sem hann hefði bezta hugmynd um gæði þeirra og gæti gert sér grein fyrir að hvaða marki er leyfilegt að nota þær.

Næstur talaði höfundur þessarar skýrslu, og fylgir texti erindisins sem viðauki.

Rita Zilliacus skýrði frá gæðaeftirliti í Reactor Laboratory. Sem víðar reynist sýnataka stærstur skekkjuvaldur þar. Öllum aðferðum er reglulega beitt á stöðluð viðmiðunarefni (standard reference materials, SRM), og reynt er að taka þátt í alþjóðlegum "interkalibreringum". Komið hafa í ljós vankantar á viðmiðunarsýnum, t.d. reynist arsen oft misdreift í lífrænum vefjum. Alþjóðlegar "interkalibreringar" þykja tímafrekar og er reynt að bæta úr með samvinnu milli rannsóknastofa í smærri stíl. Mun erfiðara hefur reynt að ná nákvæmni í greiningu lífefna en jarðefna.

Kaj Heydorn sagði mjög lærdómsríka sögu um notkun staðlaðs viðmiðunarefnis (SRM). Eitt þeirra viðmiðunarsýna, sem notað var í rannsóknastofu þeirri, er hann vinnur við, er orkideulauf NBS SRM nr. 51. Til var langur listi yfir staðfest gildi á styrk ýmissa efna í því. Vinnuhópur hans vann að ákvörðun vanadíums, en í ljós kom, að það var ekki í hópi þeirra. Því var ákveðið að ákvarða vanadíum mjög nákvæmlega í þessu efni til að fá fram slíkt gildi. Notuð var espigreining (Neutron Activation Analysis, NAA), þar sem vanadíum var kemískt skilið frá öðrum efnum eftir espun en fyrir talningu. Góð samkvæmni fékkst og virtist hafa vel til tekizt. Árið 1972 var skýrt frá þessum niðurstöðum á ráðstefnu. Án þeirra vitundar hafði júgóslavneskur hópur unnið að sama verkefni, en notað tækjaespigreiningu (Instrumental Neutron Activation, INAA). Á sömu ráðstefnu var sagt frá niðurstöðum hans, sem voru 50% hærri en Dananna. Gerð var ítarleg könnun, þar sem fleiri aðferðir voru prófaðar. Þá hafa og margir aðrir birt niðurstöður, sem hafa verið kannaðar. Í fyrstu virtust niðurstöður falla í tvo hópa, þ.e. u.þ.b. 400 µg/g og u.þ.b. 600 µg/g, og háð aðferðum hvað fékkst. Við nánari athugun kom í ljós, að þeim gildum, sem voru nærri 400 µg/g, mátti skipta í tvo hópa, þ.e. u.þ.b. 370 µg/g og u.þ.b. 410 µg/g, og var sú skipting einnig háð aðferðum. Endanleg niðurstaða fékkst ekki fyrr en árið 1978, en hún var sú, að mismunandi aðferðir mældu mismunandi brot vanadíums. Væri leysing í sýru notuð, kom í ljós, að aðeins ákveðið brot var leysanlegt. Væru notuð jónskipti var líka ákveðið brot skiptanlegt. Heildargreining allra niðurstaðna leiddi eftirfarandi í ljós:

Sýruleysanlegt brot V í NBS SRM 51	366 <sup>±</sup> 6 µg/g
Skiptanlegt brot V í NBS SRM 51	411 <sup>±</sup> 8 µg/g
Heildarstyrkur V í NBS SRM 51	602 <sup>±</sup> 10 µg/g.

Því getur þurft að umgangast viðmiðunarefni með varúð.

Olav Christie tók fyrir túlkun efnagreiningarniðurstaðna einkum fjölefnagreininga. Takmarkið er að hafa hámarksgagn af fyrirbyggjandi gögnum. Þyrpingagreiningu (cluster analysis) og "diskriminant"-greiningu taldi hann hafa reynzt illa. Erfiðust viðureignar er skýr framsetning fjölbreyttaræða, því að auðveldara er að sjá fyrir sér venzl í tví- og þrívíðu rúmi en í fjölvíðu rúmi. Um tvær leiðir er

að velja, þ.e. ofanvarp punkta í fjölvíðu rúmi á tví- eða þrívítt rúm eða byggingu líkans, sem sækir sínar líkingar til fjölvíða rúmsins.

Ofanvarp. Markmiðið er fækkun vídda, og verður ekki náð án einhvers upplýsingataps. Besta leiðin er ofanvarp kvarðaðra upplýsinga í formi eiginvektora, sem auk fækkunar vídda leiðir í ljós hve miklar upplýsingar tapast.

Fyrsti eiginvektor hefur í M-víðu rúmi stefnu hámarkspunktadreifingar. Eftir ofanvarp allra punkta í þá stefnu, stendur eftir (M-1) vítt rúm, og annar eiginvektor, sem lagður er hornrétt á fyrsta eiginvektor, hefur stefnu hámarkspunktadreifingar í því. Oft er unnt að draga mikilvægar ályktanir af fyrsta-annars eiginvektors teikningu, sem tekur mynd tvívíðs flatar í M-víðu athugunarrúmi, sem þannig er lagður, að hámarksupplýsingar fást um punktadreifingu.

Þáttagreining (Faktoranalyse). Sé heildarefnasamsetning blanda nokkurra þátta, er unnt að beita þáttagreiningu við túlkun. Styrkþáttum snefilefnis,  $i$ , í sýni,  $K$ , er lýst með eftirfarandi jöfnu:

$$Y_{iK} = \mu_i + \sum_{a=1}^A \lambda_{ia} f_{Ka} + u$$

þar sem  $Y$  = heildarstyrkur snefilefnis

$f$  = þáttur ; samsvarar eiginvektor

$\lambda$  = þáttarhleðsla ; lýsir því, hvar á eiginvektor  
hvert snefilefni er teiknað.

$\mu_i$  = meðalstyrkur snefilefnis.

$A$  = fjöldi aðalliða.  $\lambda_{ia} f_{Ka}$

$u$  = normaldreifður hluti efnisins, sem líkanið  
lýsir ekki.

Markmið þáttagreiningar er bestun á lýsingu hvers þáttar. Hverjum eiginvektor er snúið í N-víðu rúmi, þar til þáttarhleðslan,  $\lambda$  er annaðhvort í hámarki eða lágmarki.

Líkön. Upplýsingar eru iðulega það viðamiklar, að eiginvektoraofanvarp dugar skammt. Séu ákveðin einkenni sumra sýna þekkt (t.d. lífræn virkni), er unnt að raða þeim í flokka (t.d. hávirknis- og lágvirknisflokka), og kanna hvort óþekkt sýni falla í þá. Greint var frá flokkunarkerfinu SIMCA (5), sem gefur góðar vonir.

Næstu tvö erindi voru um endurbætur á ASV. D. Britz sagði frá notkun d.m.e. (dropping mercury electrode), sem hefur í för með sér stuttan forstyrkingartíma, og notkun nýs dropa í hvert skipti kemur í veg fyrir grómun skautsins. Áfallnir og hreinir dropar eru látnir falla til skiptis, og mismunur straumgilda gefur til kynna styrk hins óþekkta málms. Næmi reyndist gott (t.d. Cd 0,1 ppb). Hans Mosbæk notaði flæðikerfi, þar sem húðun á sér stað í lítilli sellu. Sýnið rennur hægt framhjá kvikasilfurshúðuðu glerkolaskauti. Áður en anóðufletting hefst er afloftuð (súrefnisfrí) raflausn sett í selluna, og púlspólarógráfía notuð til flettingar. Allar dælur eru sjálfvirkar. Helstu kostir fram yfir fyrri ASV aðferðir eru hraðari greining, minnkuð áhrif burðar-efna, nota má stærri sýni, og betra næmi. Þessi tækni er heppilegust við styrk 1-500 ppb, og greiningarhraði u.þ.b. 10 sýni/klst, ef notaðir eru 5 ml af sýni.

Birgit-Zachau Christensen flutti yfirlitserindi um jón-krómatógráfíu. Hafa orðið stórstígar framfarir á því sviði, síðan unnt varð að nota leiðnimæla sem nema. Aðferðin er mjög sértæk og einkum heppileg til ákvörðunar halógena, en einnig alkalí- og jarðalkalímálma. Skýrt var frá hagnýtingu við mælingu klórs og bróms í andrúmslofti í þéttbýli. Næstu fimm erindi voru öll um espigreiningu (NAA) og hagnýtingu hennar. J.O. Schmidt lýsti "effektivitetskalibreringu" Ge(Li)  $\gamma$ -spektrómetra. Um tvær aðferðir er að ræða og er algilt (absolut) "effektivitet" ákvarðað með annarri en afstætt með hinni. Sameining þeirra gaf góða raun. R. Gwozdz lýsti prógrammi fyrir Ge(Li) mæla, sem hann nefndi "Preactivation", og byggist á fyrirfram ákvörðun áhrifaþátta og stöðlun geislunar- og mæliskilyrða. Mælingar ýmissa málma í stöðluðum viðmiðunarefnum (SRM) gaf góða raun. Else Damsgård ákvarðaði kopar með espigreiningu í fóstrum og í líffærum barna með Menkes sjúkdóm, og komst að því, að hann stafar af röngum efnaskiptum kopars, en ekki koparskorti eins og áður var haldið.

Carsten Langtofte Larsen og Martin Munk Hansen skýrðu frá ákvörðun snefil-efna í svifefni úr ám og lífverum frá Narssaq í Grænlandi. Notuðu þeir

tækjaespigreiningu (INAA), og lögðu einkum áherzlu á ákvörðun lantaníða en hár styrkur þeirra einkennir jarðefni þessa svæðis.

1979-06-27

Daniel Jagner flutti erindi um spesiun snefilmálma í sjó. Upphaflega átti T.M. Florence að flytja erindi um þetta efni, en hann forfallaðist. Jagner studdist að nokkru leyti við handrit hans. Rakti hann helztu gerðir spesía, sem koma fyrir í sjó, og lagði ríka áherzlu á það, hve erfið meðferð sjóvatns í jafnvægi er, og þá einkum að fá sömu jafnvægisáðstæður til að ríkja í sjósýni og í sjónum sjálfum. Vegna stórbættar tölvutækni hefur fjölgað gífurlega þeim reikningum, sem gerðir hafa verið. Lýsti hann nokkrum slíkum, t.d. viðamiklu líkani af styrk EDTA kompleksa Fe(III) og Cr(III), reiknuðu frá öllu, sem vitað er um styrk og spesiun járns og króms í sjó, ásamt þekktum styrk EDTA. Hins vegar var ekki tekið tillit til kalsíum- og magníumstyrks í sjó, og má ætla að harla lítið EDTA verði eftir handa járn og krómi, þegar þeir málmar hafa komplexast. Mikil vinna hefur verið lögð í ákvörðun amínósýrna í sjó með "High Performance Liquid Chromatography" og "Fluorescence" aðferðum, og t.d. hefur tekist að greina um 18 slíkar í Eystrasaltssjó. Líkön af málmkomplexum þeirra eru þó harla marklítill, þar eð þau eru veikari en EDTA komplex og flest ekki varmafræðilega stöðug.

Einhverjir mikilvægustu komplexarar náttúrunnar eru húmín- og fúlvínsýrur (humic and fulvic acids). Unnt er að skilja þær úr vatnslausn með djúpfrystingu og útsíun (ultrafiltration). Fráskildi massinn er greindur í mólíkúlmassabrot. Húmínsýrur reynast aðallega komplexast með járn og mangani, sem nýta allar beztu komplexunarstöður.

Við gerð spesiunarlíkana skipta stöðugleikafastar (stability constants) sköpum, en vafasamt er, hvort ákvörðuð gildi þeirra eru nógu nákvæm til slíkra nota. Sýndar voru niðurstöður tveggja líkana af spesiun kadmíums í sjó. Smámunur var á þeim föstum, sem notaðir voru, en annar hópurinn komst að þeirri niðurstöðu, að kadmíum klórkomplex væri ríkjandi, en hinn kadmíum hydroxíð. Erfitt hefur reynst að meta mikilvægi aðdráttar málmjóna á ólífrænar agnir og er þeim þætti gjarnan sleppt í líkönum. Sé miðað við hydrolýsufasta við pH sjávar, 8,1, ættu þó t.d. málmarnir blý, sink og kadmíum að koma aðallega fyrir aðregnir á kísilagnir.

Notkun selektróða er ein aðferð til spesiunargreiningar, þó að styrkur margra málma í sjó sé neðan mælisviðs þeirra. Útdráttur í lífræna leysa er önnur, en yfirleitt eru það lítil brot, sem þannig dragast. Hexan þykir betra en klóroform, sem er of skautað. Kompleksarar svo sem díthizon eru oft notaðir. ASV má nota án formeðferðar sýna, og reynt hefur verið að túlka þau brot, sem ákvörðuð eru með ASV við mismunandi pH í ljósi spesiunar.

- 1) pH 8: Reikult brot (labile)
- 2) pH 5: Ólífrænt komplexbrot
- 3) pH 2: Lífrænt komplexbrot

Við slíka túlkun hafa tilraunir verið gerðar með natríumklóríðlausnir og niðurstöður þeirra færðar yfir á sjóvatn, en réttmæti þess er vafasamt. Aðrar aðferðir, sem notaðar hafa verið við spesiunargreiningar eru jónskípti og gaskrómatógrafía.

Mantoura (6) bætti kopar í sjó, og jókst þá formúlumassi húmata. Spesiun króms er óleyst vandamál. Samkvæmt varnafræðilegum reikningum ætti Cr(VI) að vera helsta spesiá við pH sjávar, en í raun er það Cr(III). Á miklu dýpi reynist Cr(III) þó oxast hægt í Cr(VI). Ferguson og Gavis (7) notuðu valbundna (selective) afoxun í hydroxíð fyrir arsen-spesiur í stöðuvatnakerfi, og gafst það vel. Líklega þarf að þróa tækni, sem er sambland rafefnafræðilegra og "spektróskópískra" aðferða til öflunar upplýsinga um spesiun.

